

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 483/1996.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 29. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á veitingastað með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem heimilt er að sýna nektardans (næturklúbbar), er lagt bann við hvers konar einkasýningum og einkadansi. Dansatriði skulu einungis fara fram á einu afmörkuðu svæði í veitingasal þar sem tryggt er að fjarlægð milli dansara og áhorfenda sé a.m.k. 4 metrar. Dönsurum er óheimilt að fara um á meðal áhorfenda.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.*

F. h. r.

**Stefán Eiríksson.**

*Jón Þór Ólason.*